



10. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri, Þórshöfn þriðjudaginn 12. janúar kl. 16:30.

Mætt eru:

Sverrir Möller formaður, Maríus Halldórsson, Steinunn Anna Halldórsdóttir, og Ævar Rafn Marinósson kom kl. 16:58 en lét vita að hann yrði seinn. Steinunn Anna ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Lagt var til að bæta við, fremst í dagskrá, lið á dagskrá frá fjallskilastjóra Langanesbyggðar og aðrir liðir myndu færast aftur sem því næmi.

Dagskrá:

1. Fjallskil Langanesbyggð

Fjallskilastjóri talar um uppgjör fjallskila. Ekki búið að gera upp árið 2015 en það verður gert upp samkvæmt gangnaseðli. Ástæða þess er að ekki er búið að gera upp fjallskil fyrir 2015 er sú að fjallskilastjóri ætlar að halda almennan fund með bændum áður, líklega í næstu viku. Fjallskilastjóri setti það í hendur bænda að jafna sín á milli þegar gangnamenn voru fengnir á milli bæja. Fjallskilastjóri hefur fram að þessu verið að fá fyrirspurnir/athugasemdir frá bændum vegna uppgjörs fjallskila. Tvær formlegar athugasemdir bárust til fjallskilastjóra við síðasta gangnaseðli, önnur skrifleg. En margir höfðu samband til að ræða málin.

Fundurinn er einnig ætlaður til að gefa bændum færi á að ræða gangnaseðil 2016, dagsetningar rétta og koma með athugasemdir. Gangnaseðill næsta árs verður óbreyttur nema sérstakar óskir komi um annað.

Fjallskilastjóri Langanesbyggðar stefnir á fund með fjallskilastjóra Vopnafjarðar, vegna smölunar milli Bakkafjarðar og Vopnafjarðar. Hugmynd er uppi um að smala Bakkaheiði og Staðaheiði sameiginlega með Vopnafirðingum. Fjallskilastjóri hefur í hyggju að hækka greiðslu fyrir dagsverkið sem er nú 10.000 kr í 15.000 – 18.000 kr. Sigurði þakkað fyrir sitt erindi kl 17:11.

2. Verkefni ársins 2016

Formaður sótti formannafund með sveitarstjóra, oddvita Langanesbyggðar, hreppsnefndarmönnum og nýjum skrifstofustjóra ásamt fráfarandi skrifstofustjóra. Fundurinn var á margan hátt fróðlegur. Á fundinum tekur formaður eftir því að bygging á kömrum við gangnakofa hafi verið sett fyrir nýja sveitarstjórn. Oddviti segir að ákvarðanir fyrri sveitarstjórnar falli úr gildi er önnur taki við. En áður hafði verið samþykkt ákveðið fjármagn til landbúnaðar næstu fimm árin.

Verkáætlun ársins 2016:



Langanesbyggð

- a. Heiðargirðing milli Finnaþjarðar og Kverkár. Girðingin er nánast ónýtt og þarfnast viðhalds og uppbyggingar.
- b. Kostnaðaráætlun
 - i. Kostnaður við að fá verktaka í girðingarvinnuna.
- c. Aðhald við Heiði, viðhald.
- d. Setja upp aðhald við Litlu-Kverká.
- e. Hvetjum sveitarstjóra til að fylgja eftir bréfi sem sent var til bænda og eigenda eyðibýla síðastliðið vor vegna ónýtra girðinga sem þarf að fjarlægja af bújörðum.

Haust 2015 – verk unnin:

- ✓ Sett upp aðhald á Hrolllaugsstöðum til að taka fé.
- ✓ Sett upp aðhald við Þverá og Lónsársporð til þess að auðvelda gangnamönnum rekstur sauðfjár yfir árnar.
- ✓ Efni hefur verið keypt fyrir salernisaðstöðu í Vesturheiðarkofa.
- ✓ Ekki hefur verið skilað inn reikningum fyrir efniskaupum vegna framkvæmda 2015.

3. Fjármögnun verkefna

Eins og áður segir í lið tvö, á dagskránni, þá kom það fram hjá oddvita á fundi þar sem formaður sat að það fjármagn sem búið var eyrnamerkja landbúnaði sé ekki lengur til staðar vegna þess að ný sveitarstjórn hefur tekið til starfa.

Landbúnaðarnefnd skorar á sveitarstjórn að standa við ákvörðun fyrri sveitarstjórnar hvað varðar fjármagn er leggja átti til landbúnaðar til fimm ára. Máli okkar til stuðnings bendum við á að gangnahús, kamrar, aðhöld, réttir og girðingar eru í eigu sveitarfélagsins.

4. Önnur mál

Landbúnaðarnefnd óskar eftir upplýsingum um þjónustu við veginn út á Langanes. Hvers vegna er ekki sama þjónusta við þennan veg líkt og aðra vegi. Hvert á að leita?

Um veginn fer á hverjum degi skólabíll ásamt því að fjórar manneskjur stunda vinnu á Þórshöfn og þurfa að komast í og frá vinnu alla virka daga. Einnig þarf pósturinn að komast leiðar sinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:50

Ákveðið að funda aftur eftir mánuð.